



Málnr.: **2023-026 S 014**

Dags: **29. apríl 2023**

Staður: **Sandgerðishöfn**

Lýsing: **Pristur ÍS 360 brennur**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miðað að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## **Nr. 2023-026 S 014 Þristur ÍS 360**

### ***Eldsvoði***

*Skipaskr.nr.* 1527 *IMO nr.*  
*Smíðaður:* Dráttarbr.& Skipavík 1979  
*Stærð:* 84 BT.  
*Mesta lengd:* 23,48 m *Skráð lengd:* 21,31 m  
*Breidd:* 5,20 m *Dýpt:* 2,80 m  
*Vél:* Cummins 447 kW 1998  
*Fjöldi skipverja:*

**Gögn:**  
*Skýrsla LRH*  
*Gögn RNSA*



### ***Atvikalýsing:***

Þann 29. apríl 2023 lá Þristur við landfestar í Sandgerðishöfn. Veður: NV 5 m/sek. hiti 6° og léttskýjað.

Að kvöldi dags var tilkynnt til Brunavarna Suðurnesja að reyk legði frá bátnum og reyndist vera eldur í honum.

### ***Við rannsókn kom fram:***

- Skipið var mannlaust.
- Engar vélar voru í gangi og var skipið tengt við rafmagn úr landi.
- Kl. 23:27 barst Brunavörnum Suðurnesja tilkynning um að ljósan reyk legði frá Þristi.
- Reykkafarar fóru um borð í skipið og fundu fljótlega eldsupptök sem voru í vélarúmi nánar tiltekið í rafmagnstöflu. Greiðlega gekk að slökkva eldinn og var notað vatn við slökkvistörf.
- Kl. 01:40 þann 30. apríl var lögreglunni afhentur vettvangur.
- Kl. 06:00 kom aftur upp reykur í vélarúmi skipsins. Ekki virtist vera mikill hiti. Var vatni sprautað yfir til öryggis og farið yfir vélarúmið með hitamyndavél, enginn eldur eða reykur fannst, og var slökkvistarfi hætt.

- Kl. 09:03 var enn á ný tilkynnt um eld í Þristi. Þegar skökkvilið kom á staðinn var brú og aftari hluti skipsins alelda. Á bak við rafmagnstöfluna var stálveggur og á bak við hann voru talin upptök endurtekens bruna. Leiða má líkum að því að þar hafi kraumað hiti og jafnvel glóð sem seinna varð að eldi.
- Um kl. 13:00 var eldurinn að mestu slökktur og kl. 17:30 var slökkvistarfi hætt.

**Nefndarálit:**

Samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsóknar varð eldur vegna bilunar í rafmagnstöflu í vélarrúmi. Eftir að slökkvilið taldi í tvígang að eldurinn hefði verið slökktur kom upp eldur í öðru rými hinu megin við rafmagnstöfluna, líklega vegna hita og glóðar sem varð að eldi þegar skipið var loftræst.

**Tillaga í öryggisátt:**

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar að stofnunin beini því til slökkviliða í landinu að við skipsbruna verði að hafa langa brunavakt til að koma í veg fyrir að eldur kvikni að nýju.

**Nefndin minnir á tillögu í öryggisátt í máli [2017-135-S-103 Egill ÍS 77](#)**

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. febrúar 2024 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni, Hirti Emilssyni og Jóni Finnbjörnssyni.